



Reykjavík 12. júní 2020

Efni: Tilsłakanir á takmörkunum 15. júní – fjöldatakmörkun

Tilsłökunin tekur gildi 15. júní 2020 gildir til og með 5. júlí, en aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum.

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar til og með 5. júlí 2020. Með fjöldasamkomum er átt við þegar fleiri en 500 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum. Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 500 einstaklingar inni í sama rými, kaffihúsum, og mötuneytum. Börn fædd árið 2005 og síðar teljast ekki með í fjölda.

Með rými er hér átt við það svæði sem starfsmenn þurfa að nota og ganga um við störf, þ.e. ekki mega fleiri en 500 ganga um sömu salerni, sömu fundaraðstöðu eða kaffistofu. Mögulega er hægt að nota „stundatöflu“ til að skipta í hópa vegna fundaraðstöðu eða kaffistofu ef ekki er hægt að skipta stærri vinnustað í aðskilin rými, en þá þarf að þrifa/sóttthreinsa á milli hópa.

Allir einstaklingar eru hvattir til að viðhalda tveggja metra fjarlægð i samskiptum við aðra eftir því sem aðstæður leyfa. Í rýmum sem gert er ráð fyrir að almenningur eigi aðgang að, hvort sem er án skilyrða eða að uppfylltum skilyrðum, svo sem með greiðslu aðgangsgjalda eða vegna vinnusambands, skal leitast við að bjóða einstaklingum að halda tveggja metra fjarlægð frá öðrum eins og kostur er. Þar sem veitt er lögbundin þjónusta eða almenningur á ekki kost á öðru en að mæta skal vera unnt að tryggja þeim sem það kjósa að halda tveggja metra fjarlægð frá öðrum.

Hættustig almannavarna vegna COVID-19 er í gildi og því mikilvægt að hafa í huga að almennar sóttvarnarráðstafanir eru enn í gildi.

Mikilvægt er að leggja áherslu á:

- Að á vinnustöðum og í allri starfsemi sé tryggt að hægt sé að viðhalda tveimur metrum á milli einstaklinga eins og kostur er.
- Þrifa skal vinnustaði eins oft og unnt er, sérstaklega algenga snertifleti.
- Aðgangur að sóttthreinsandi vökva fyrir hendur sé hafður eins víða og talin er þörf á.

Nánari upplýsingar er að finna á www.covid.is

Virðingarfyllst,
Samhæfingarstöð almannavarna